



Reykjavík, 18. janúar 2018
RMF17060007
3.2.1

Málsnr.: R17100145
Skjalasafn Ráðhúss
18. jan. 2018
Bréfalykill: 641

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samstarfssamningur vegna rekstrar Dansverkstæðis

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 8. janúar sl. var lagður fram til samþykktar samstarfssamningur við Samtök um danshús vegna rekstrar Dansverkstæðis til þriggja ára dags. 22. desember 2017. Ráðið samþykkti samninginn samhljóma.

Samningnum er vísað til borgarráðs til samþykktar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningur við Samtök um danshús vegna rekstrar Dansverkstæðis

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Samtök um danshús, kt. 560710- 0700 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Samtök um danshús vegna rekstrar Dansverkstæðis – vinnustofu fyrir sjálfstætt starfandi danshöfunda á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar


Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við þróun danslistar í Reykjavíkurborg og gera greininni kleift að þróast á eigin vegum í borginni. Með Dansverkstæðisinu er verið að skapa aðstöðu fyrir danslistina og nauðsynlegt vinnurými á viðráðanlegum kjörum svo að nýjar hugmyndir verði að veruleika.

2. gr. Forsaga

Samtök um danshús voru stofnuð í september árið 2010 og er rekstur Dansverkstæðisins liður í því markmiði samtakanna að koma á fót danshúsi sem þjónar danslistinni á breiðum grunni. Með opnun Dansverkstæðisins við Skúlagötu varð í fyrsta sinn hérlendis til húsnæði þar sem dansinn var í fyrirrúmi. Það hefur nú þegar skilað miklu til danssamfélagsins og sviðslista almennt. Dansverkstæðið er eini vettvangur sjálfstætt starfandi dansara og danshöfunda, og hefur skapað nýjan og frjóan grundvöll til samstarfs og tengslamyndunar. Dansverkstæðið hefur verið vinnustaður danslistamanna og sviðslistamanna í Reykjavík, vinnuveitandi, tengiliður, skrifstofa og félagsmiðstöð. 1. ágúst 2017 missti Dansverkstæðið húsnæði sitt við Skúlagötu og unnið hefur verið að því að finna nýtt húsnæði sem hentar starfsemi. Nú hefur Reykjavíkurborg náð samningum við Reiti húseiganda Hjarðarhaga 45- 47 til að leysa vanda Dansverkstæðisins til næstu 15 ára. Reykjavíkurborg gerir leigusamning og framleigir húsnæðið til Samtaka um danshús. Auk framlags MOF að upphæð 2. mkr. árlega 2018, 2019 og 2020 til þessa samstarfssamnings hefur komið viðbótarframlag frá borgarráði að upphæð 15 m.kr. á ársgrundvelli vegna húsnæðiskostnaðar á gildistíma húsnæðissamnings sbr.3.grein.

3. gr. Dansverkstæðið að Hjarðarhaga

SEA (skrifstofa eigna og atvinnuþróunar) annast samning við Reiti um leigusamning vegna Hjarðarhaga 45 – 47 og endurleigir Dansverkstæðinu fyrir sömu upphæð að viðbættum kostnaði við breytingar sem Reykjavíkurborg annast. Þar verður hægt að koma fyrir 3 dansstúdíóm, og góðri funda- og skrifstofuaðstöðu. Dansverkstæðið – vinnustofur danshöfunda – er fyrsti áfangi í átt að Danshúsi. Þar gefst tækifæri til að styðja við vinnu sjálfstætt starfandi danshöfunda og dansara og byggja upp innviði fyrir starfsemi Danshúss. Í Dansverkstæðinu er einnig aðstaða fyrir Reykjavík Dance Festival, Félag íslenskra listdansara og önnur félög og hagsmunasamtök danslistamanna. Innan greinarinnar er breið samstaða um það sjónarmið að slíkt hús geti verið mikil lyftistöng fyrir danslistina og bætt aðstæður allra sem vinna við dans.

 1
TH.

4. gr. Starfsemi og markmið Dansverkstæðisins

Dansverkstæðið vinnur að því að auka gæði og faglega þróun listdansins með því að þjóna danslistamönnum á breiðum grundvelli:

- Vinnuaðstaða fyrir dans- og sviðslistafólk
- Reglulegir þjálfunartímar fyrir atvinnudansara
- Námskeið sem tengjast dansi, líkamsþjálfun og líkamsvitund
- Þverfagleg námskeið sem tengja dansara við aðrar listgreinar
- Gestavinnustofur fyrir innlenda og erlenda gestalistamenn
- Virk þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum
- Aðsetur fyrir fagfélög innan danslistarinnar, líkt og Reykjavík Dance Festival og Félag íslenskra listdansara
- Kynningarstarf og samskipti innanlands

Dansverkstæðið opnar rými sín fyrir þátttöku í borgarhátíðum s.s. Menningarnótt og Barnamenningarhátíð. Jafnframt kynnir það danslistina fyrir börnum og fjölskyldum þeirra með námskeiðum og öðrum viðburðum.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Dansverkstæðisins jafnt innanlands sem utan, komi fram að Dansverkstæðið sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir það merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Tengja skal ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.vistitreykjavik.is við vef Dansverkstæðisins þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað.

6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Samtökum um danshús til í beinum fjárframlögum kr. 17.000.000 á ári 2018, 2019 og 2020.

Greiðsla framlags skiptist þannig árið 2018:

kr. 3.500.000 mkr. 1.-3. janúar og febrúar.

kr. 1.000.000 mkr. 1.-3. mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember og desember.

Greiðsla framlags skiptist þannig árin 2019 og 2020:

kr. 1.400.000 1. - 3. janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september og október

kr. 1.500.000 1. - 3. nóvember og desember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 513 – 26 – 42010.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

7. gr. Ábyrgð

Samtök um danshús bera ábyrgð á rekstri Dansverkstæðisins og að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Samtök um danshús bera ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Samtökum um danshús er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

8. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Samtök um danshús um Dansverkstæðið. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2018, 2019 og 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur Samtaka um danshús að áherslum Dansverkstæðisins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Samtök um danshús skila þá áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Samtök um danshús hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Samtök um danshús hafa sýnt fram á að þau muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

10. gr. Gildistími


Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 er samþykkt var í borgarstjórn þ. 5. des. 2017. Samningurinn gildir til 31. des. 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 22.12 2017

F.h. Reykjavíkurborgar


Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Ólafur Björnsson
010462-4369
Ólafur Björnsson
141258-4279

F.h. Samtaka um danshús

